

Nd. 539. Frumvarp til laga [92. mál]
um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafn-sögubátar og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

Fyrir orðin „800 þúsund krónur“ í síðustu málsgr. 2. gr. laganna komi: 1.6 millj. kr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.